

Fundur 26.5.2021 Thomas A. Edison

Góða kvöldið.

Já, góða kvöldið.

Undarlegt er það að ná sambandi við gömlu jörðina eftir svona langan tíma.

Velkomin.

Takk fyrir.

Veit ég af því að Íslendingar voru fyrstir manna til að uppgötva hið mikla samband, sem svo er nefnt og vakti það mér mikla furðu er ég kom yfir á mína fyrstu framlífs jörð.

Og vil ég gjarnan frá því segja. Var ég raunar mjög hissa að koma fram á efnislegri jörð er ég yfirgaf jörðina og kom fram á nýjum hnetti.

Hafði ég álitid sem svo að fyrst ekki væri hægt að sanna líf eftir dauðann, eða sanna að neinn guð væri til, þá væri alveg eins hægt að búast við því að ekkert líf væri eftir dauðann.

Og var ég því talinn efahyggju maður og undrun mín þeim mun meiri þegar ég kom fram á jarðstjörnu, ekki bara í andlegu lífi, heldur einnig efniskenndu lífi.

Og voru það ættingjar mínir sem tóku á móti mér og var ég því hált í hvoru feginn að ég skyldi ekki hafa verið háður neinum fyrirfram gefnum hugmyndum.

Þar sem ég var nokkuð fljótur að átta mig á því að einhvers konar lögmál byggju þar að baki. Einhvers konar náttúrulögmál, sem ég bara skyldi ekki þá, þegar ég þarna fyrst kom fram.

Og spurði ég spurninga eins og barn.

Og var mér tekið með kostum og kynjum og var það ánægjuleg stund að faðma hina gömlu ættingja sem voru orðnir ungir í annað sinn.

Og var ég eins og barn sem vildi fá að vita allt á fyrsta andartaki lífsins, en var það þó ekki fyrr en ég hafði risið upp úr sjúkrarúmi því sem ég þurfti að dvelja í fyrstu nokkra dagana og jafna mig, líkama minn.

Og hafði ég þó komið fram nakinn á dalverpi nokkru og færður svo í lækningarlind. Var það þægilegt og uggvænlegt í senn því ekki vissi ég hvað biði mín.

Og var ég svo látinn sofa og jafna mig og dvaldi ég í þessu sjúkrahúsi í nokkurn tíma eins og ég hef fyrr frjá greint.

Er ég hafði yfirgefið sjúkrahús þetta, tók við mér faðir og móðir og sýndu þau mér nýtt heimili og fékk ég að dvelja þar um stund áður en ég réð ráðum mínum að nýju.

Og kom mér fyrir og hitti ég þar eiginkonu sem á undan hafði farið og ýmsa aðra og var það mér auðveldara að setjast að hjá þeim, áður en lengra var haldið.

Var mér sagt síðar að ég hafi verið óvenju fljótur að átta mig á umskiptunum þar sem ég væri vísindalega þenkjandi.

Og spurði ég réttu spurninganna, en fékk ég þó aldrei fullkomlega skýringu á því hvernig þetta gat gerst, nema hef ég fengið einhverja ljósari hugmynd um það hér síðar í þessu framlífi.

Ekki var nóg með það að ættingjar mínir væru þarna staddir heldur gat ég tekið til við áhugamál mín og vinnu mína og viðfangsefni þau sem ég hafði haft mestan áhuga á á jörðinni.

Nema voru allar tækniframfarir meiri og öðruvísi á þessum stað og þurfti ég að hugsa margt upp á nýtt og læra nýja nálgun á viðfangsefnið og ekki hugsa út frá jarðlegri tækni.

Þeirri tækni sem ég hafði skilið eftir á jörðinni, heldur þeirri tækni sem þar var.

Er ég nú kominn á annan framlífs hnött minn og eru það um það bil 20 ár síðan það gerðist og hef ég hér séð allt í enn öðru ljósi og vildi ég gjarnan gefa ykkur viðvaranir um það hvert jarðlífið gamla er að stefna að okkar mati.

Og viljum við gjarnan verða ykkur til liðsemdar og vara ykkur við þeim breytingum sem gætu orðið á þessari braut sem er helstefnu braut að margra mati á ýmsan hátt.

Já, ég fékkst við tækni og vísindi á jörðinni gömlu og ætla ég að reyna að segja nafn mitt, því ég veit að það mun hjálpa mér að koma fram erindi mínu hér í kvöld betur.

Thomas Alva Edison.

Það er ekkert annað, vertu velkominn, blessaður.

Komið þið sælir.

Komdu blessaður.

Vísindamaður og uppfinningamaður já.

Ég hef ekki komið á ykkar fund áður, er það ekki rétt munað?

Já, ég held það bara.

Já, er ég hér í stórum hópi Bandaríkjamanna. Og hef ég jöfnum höndum sinnt uppfinningum og pólitísku starfi í framlífi.

Og á framlífs hnetti þessum hef ég haft betri aðstæður til að fylgjast með framvindunni á jörðinni og hvað átt er við með ýmsum ógnum sem steðja að í tæknilegum málefnum.

Var það nú svo að ég dó af jörðinni gömlu áður en hinar miklu breytingar urðu í tækniefnum sem nú stefna ykkar mannkyni í átt að hættulegum samskiptum við utan jarðar tegund.

Er það Jahve?

Ja, það er,

Skylt því?

Ja, það eru þjónar hans sem eru að hálfu vélar og að hálfu,

Menn já?

Ekki menn, heldur lífverur, tilbúnar lífverur. Hafa verið til lengi, og voru blendingskyn af annarri lífveru tegund sem ég hygg að hafi reynt að koma boðum til ykkar.

Eru það þeirra sönnu forfeður og svo vel mennskir að þeir vilja hjálpa og leiðbeina og benda á ógnir þær sem steðja að.

Hafa þeir áhrif á okkur núna?

Já í gegnum tækni og vísindi. Lífverur þessar eru gerðar til þess að þjóna Jahve og vill hann gjarnan fá fleiri í þann hóp. Og eru líkamar meðhöndlaðir sem hálfgerðar vélar í þeirri framvindu.

Og lærði ég það í framlífi, að tækni sú sem ég tók þátt í að þróa, var að vísu ekki enn komin á helstefnu brautina en átti möguleika að fara í ýmsar áttir, í lífstefnu áttina og í helstefnu áttina.

Ekki var sú tækni slæm í sjálfu sér sem ég tók þátt í að þróa, en þegar tæknin fer út í það að maðurinn taki merki á handlegg sinn og enni og njóti ekki samfélagslegra réttinda nema fylgja ákveðnu stjórnmálakerfi er það farið út í kúgun og mannréttindabrot.

Ég veit að þið kannist við þetta úr trúmálum ykkar og er hætta á því að það gerist þar sem viðvaranir hafa verið gefnar og farið er eftir áætlun Jahve.

Viljum við gjarnan hjálpa í þessum efnum, en ekki veit ég hvort unnt er afstýra þessu nema með miklum samtökum jarðarbúa.

Og yrði vitundarvakning þess efnis að ykkar Nýalsstefna yrði viðurkennd, stór þáttur í því að auka skynsemi jarðarbúa og samstillingar mátt gegn öllum aðsteðjandi ógnum.

Og bjarga ykkar kynþætti og mannkyni og stuðla að því að jafnvægi náist á milli náttúru og manns á ný.

Og fundnir verði upp orkugjafar sem ekki valda mengun á plánetunni. Já þetta er mikið mál og get ég ekki komist yfir þetta allt, enda var ég orðin fullorðinn maður og gamall er ég fór af mínum fyrsta framlífs hnetti og búinn að læra ýmislegt um þetta.

Vil ég að lokum segja, að ánægulegt er það að líta til míns gamla föðurlands og sjá þar margt blómstra, þótt annað geti gengið betur.

Og skynja ég til afkomenda minna og veit að þeir eru að gera sitt besta.

Finn ég helstefnuna og lífstefnuna berjast á mínu gamla landi eins og víðar og er ég enn þeirrar skoðunnar að mitt land muni gegna forustuhlutverki í framtíðinni og ekki síður Íslendingar.

Vil ég nú ljúka máli mínu bráðum, en ef það eru spurningar, skal ég reyna að svara þeim, en ekki margar því orkan fer dvínandi.

Edison, má ég spyrja, þetta veiruástand á þessari jörð, bólusetningar, er þetta fyrsta skrefið í breytingu á mannkyninu?

Já, við erum nokkuð hrædd um að það geti farið svo já, en ég vil þó segja að þetta fór allt miklu betur en áhorfðist vegna þess að mikill atburður var áætlaður í mars á þessu ári, á ykkar jörð og hefur ekki af honum orðið og mun kannski ekki af honum verða eins og við óttuðumst.

Hefur þetta eitthvað með Kína að gera?

Já, að hluta til.

Getur þú sagt okkur nánar hvað það var?

Áttu einhverjir gestir að koma?

Já, það var talið að það kæmu gestir já. En hann Trump, okkar gamli forseti var mikið til hjálpar, en það var svo mikil andstaða við þetta að þeir náðu ekki að,

Það varð að vera andleg áhrif sem hefðu hjálpað þessu að gerast.

Kínverjar já, þeir áttu hlut í tilraunum sem einnig voru alþjóðegar og voru einnig hluti af og áttu upptök sín í okkar landi að einhverju leiti.

En ég vil ekki fara út í það mikið núna það er kannski tímabært síðar. Þetta er viðkvæmt enn þá og á eftir að þróast.

Heldur þú að Trump eigi eftir að ná kjöri aftur?

Jæja ég vona það og ef hann heldur heilsu og nær það góðum aldri að þá vona ég það.

Já.

Hver eru samskipti þín við Tezla í dag?

Ég verð nú bara að taka sérstakan fund undir það, held ég.

Já.

Hvað finnst þér um þráðlaust rafmagn í dag?

Ja það hefur sína kosti en það er hætt við að það sé hluti af þessum ógnum sem ég ætlaði að fjalla um og vonandi getum fjallað um betur síðar, ef vel tekst til.

Erum við að fara að samþykkja 4ða orkupakkann og erum við að fá streng til Evrópu?

Já við teljum að það séu miklar líkur á því, en það er þó til bóta að Íslendingar vilji staldra við og spyrna við fótum í því efni vegna þess að það myndi aðeins hraða þeirri þróun sem ég minntist á og hætt er við að sjálfstæðið sem er svo mikilvægt til þess að Íslendingar gegni þessu forustuhlutverki, ef það hverfur þá minnki möguleikarnir á að upplýsa fólk.

Er þetta allt saman hluti af Jahve að koma okkur í Evrópusambandið?

Ja það má segja að hann geti notfært sér það, eigum við ekki að segja það.

Já.

En hver tók skjölin hans Tezla? Hvað varð um þau?

Já, það er svolítill saga að segja frá því, við vitum það ekki allt, en ætli ég verði ekki að koma inn á það síðar, það voru ýmsir sem fylgjust með honum og fór svona á flakk.

Þekktir þú Hjört Þórðarson?

Nei ég er ekki viss.

Hann var Íslendingur sem bjó í Ameríku og sem fann upp spennubreitirinn.

Já, þá átta ég mig.

Já, það væri gaman að hleypa honum í sambandið líka.

Já það væri það, já.

Ég ætla að reyna að koma þessu á framfæri og hérna það er margt sem við gætum komið með í viðbót en ætli ég verði ekki að láta staðar numið að sinni.

Þakka fyrir á meðan orkan er enn til staðar, ég þakka fyrir gott samband og þetta hvetur mig að koma aftur.

En þú verður að koma aftur.

Já, þakka ykkur fyrir verið þið sælir.

Blessaður, þakka þér fyrir.